



myndlistarfélagið



Myndlistafélagið

Samvinna ólíkra listgreina og ólíkra hópa innan sömu greinar getur verið skapandi og skemmtileg. Miðlun til almennings og þekking á myndlist eru þættir sem þarf að hlúa að og auka.

Myndlistarfélagið var stofnað í janúar árið 2008 og er eitt aðildarfélag Sambands íslenskra myndlistarmanna. Í því eru nú rúmlega 80 myndlistarmenn, flestir búsettir á Akureyri eða á Norðurlandi en félagið er opið öllum myndlistarmönnum.

Megin tilgangur félagsins er að vera málsvari myndlistarmanna, gæta hagsmuna þeirra og bæta kjör og starfsgrundvöll þeirra. Einnig að efla umræðu um myndlist og auka þekkingu og fræðslu um myndlist og auka samvinnu myndlistarmanna.

Í Myndlistarfélaginu er fjölbreyttur hópur ólíkra myndlistarmanna sem endurspeglar gróskuna í myndlist á landinu.

Myndlistarfélagið rekur Gallerí BOX og Sal Myndlistarfélagsins í Listagilinu á Akureyri og kappkostar að bjóða uppá framsæknar og fjölbreyttar sýningar erlendra og íslenskra listamanna ásamt því að sýna verk félagsmanna. Gjörið svo vel og njótið listarinnar.

Fyrir hönd Myndlistarfélagsins,

Hlynur Hallsson

Myndlistarsaga Akureyrar

Íslensk myndlistarsaga hefst með landnáminu, þörfin fyrir að tjá sig í myndmáli hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda. Forfeður okkar sem námu hér land voru vafalaust miklir dýrkendur sjónlistar því alþýðlegir hagleiksgripir svo og alþýðulist sem tíðkast hefur fram á þennan dag eru vottur um langa hefð listiðju með þjóðinni.

Í Eyjafirði rétt eins og annars staðar, tengdust ýmis konar listir lengstum kirkjulegri menningu og að mörgu leyti döfnuðu þær og varðveittust í skjóli hins veraldlega valds. Fyrrum voru kirkjurnar vasaútgáfur af listasöfnum, þær voru oft einu staðirnir þar sem fólk átti þess kost að sjá listaverk. Sumt var heimslist annað heimalist sem sýndi verklag íslenskra hagleiksmanna. En mörg gersæmin hefur orðið fúa eða myglu að bráð, ryðgað í sundur og brotnað, þess vegna má segja að stór hluti menningararfs þjóðarinnar sé undir grænni torfu.

Nokkur af þekktustu listaverkum Íslendinga frá fyrri tímum eru frá Eyjafirði. Má þar nefna tréskurðarverk og líkneski allar götur frá 11. og 12. öld sem sanna á óvefjanlegan hátt að skurðlist hafi þá staðið hér í miklum blóma.

Hallgrímur Jónsson og Jón Hallgrímsson

Kunnustu alþýðulistamenn Norðanlands á síðari hluta 18. aldar voru Naustafeðgarnir Hallgrímur Jónsson og Jón Hallgrímsson.

Þeir voru afkastamiklir kirkjuskreytingarmenn og má víða sjá handverk eftir þá enn í dag. Hallgrímur Jónsson bjó mestan hluta ævi sinnar í nágrenni Akureyrar, en Jón bjó á ýmsum stöðum í Eyjafirði og Skagafirði. Altaristöflur þeirra sýna okkur þó fyrst og fremst hvílikt djúp var á milli íslenskra menningaraðstæðna og erlendar samtímalistar á þessu tímaskeiði.

Arngrímur Gíslason

Af alþýðulistamönnum Norðanlands á ofanverðri 19. öld stendur nafn Arngríms Gíslasonar málara upp úr. Arngrímur bjó aðeins um skamman tíma á Akureyri. Lengst af bjó hann að Gullbringu í Svarfaðardal. Arngrímur var viðloðandi Akureyri alla tíð og málaði þar m.a. leiktjöld. Kunnastur er hann þó fyrir altaristöflur sínar og mannamyndir. Árið 1880 var haldin mikil sýning á Akureyri á búfé og ýmiskonar listiðnaði en á meðal sýningargripa voru einnig listaverk, svo sem ljósmyndir, grafnir silfurskildir og altaraftafla eftir Arngrím Gíslason sem hann hlaut verðlaun fyrir. Má slá því föstu með nokkurri vissu að þessi sýning á listaverkum hafi verið sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Var hún haldin í húsi því sem nú er Norðurgata 11.



Kirkjuskápur frá Hrafnagill gerður 1672.
Nú á Minjasafninu á Akureyri.



Málverk eftir Kristínu Jónsdóttur. Nú í Davíðshúsi.



Síðasta kvöldmáltíðin, altaristafa úr Glæsibæjarkirkju
eftir Hallgrím Jónsson. Nú í Davíðshúsi.

Fyrstu málverkasýningarnar

Helstu sýningar á Akureyri á árunum 1880-1918 voru heimilis- og iðnaðarsýningar sem áður var getið. Þær voru haldnar með sex til tíu ára millibili og mátti þar sjá hvaðeina það sem bæjarbúar bjuggu til í tómstundum sínum. Flestir munirnir voru unnir af kvenþjóðinni; teppi, vefnaður, dúkar, listasauverk, skinmyndir, kniplingar úr silki og garni og spjaldvefnaður svo eitthvað sé nefnt. Á þessum sýningum voru einnig til sýnis málverk, teikningar, útskurður og ljósmyndir. Fáar málverkasýningar voru haldnar á Akureyri á fyrstu áratugum aldarinnar og það var ekki fyrr en árið 1909 sem bæjarbúum gafst næst tækifæri til að sjá málverkasýningu, þegar haldin var sýning á verkum Ásgríms Jónssonar.

Árin 1914 og 1915 hélt Kristín Jónsdóttir frá Arnarnesi sínar fyrstu málverkasýningar á Akureyri. Hún stundaði á þeim árum myndlistarnám í Kaupmannahöfn en kom heim til að sýna hvað hún hafði lært. Kristín var fyrsta íslenska konan sem gerði myndlist að ævistarfi sínu.

Hún átti oft myndir á sýningum erlendis og árið 1918 hélt hún einkasýningu á 90 málverkum í Kaupmannahöfn. Var farið mjög lofsamlegum orðum um þá sýningu í blöðunum enda þóttust Akureyringar eiga svolítið í henni. Var Kristín talin í fremstu röð þeirra ungu íslensku myndlistarmanna er vörpuðu ljóma á ættland sitt. Það sama ár átti hún einnig nokkur málverk á iðnsýningu á Akureyri á meðal annarra 900 sýningarmuna.

Myndlistarsýningum fjölgaði ekki mikið næstu þrjú áratugina og allt fram til 1970 voru það einkum aðkomumenn sem stóðu fyrir málverkasýningum í bænum. Stundum liðu jafnvel nokkur ár milli sýninga aðkomumannanna. Þær sýningar sem þó var boðið upp á hlutu mjög misjafna aðsókn. Það komu t.d. ekki nema um eitt hundrað manns að skoða 79 teikningar eftir hina heimsþekktu þýsku listakonu Käthe Kollwitz árið 1950 en yfir 3000 manns sáu sýningu Jóhannesar Kjarvals árið 1954. Árið 1962 var haldin sýning í Oddeyrarskóla á 60 vekum Ásgríms Jónssonar í tilefni af 100 ára afmæli bæjarins.





Á ljósmyndastofu Vigfúsar Sigurgeirssonar

Á árunum 1930-1945 komast einungis þrír akureyrskir listamenn á blað: Vigfús Sigurgeirsson sem nam ljósmyndaðni af öðrum góðum listamanni, Hallgími Einarssyni ljósmyndara sem starfrækti ljósmyndastofu í bænum um langt árabíl og tók að sér margar nemendur.

Vigfús Sigurgeirsson starfrækti einnig ljósmyndasstofu í bænum í 12 ár. Hann hélt ljósmyndasýningu árið 1933 og 1935 hélt Vigfús einkasýningu í nýreistri Kunsthalle í Hamborg í Þýskalandi. Mikið var fjallað um þessa sýningu Vigfúsar í blöðum í Hamborg og einnig í íslenskum blöðum. Í viðtali við Vigfús í einu þýsku blaðanna segir hann, „Átta sumur hef jeg ferðast um landið til að taka ljósmyndir og eru þær nú orðnar um 3000 alls og er úrval þeirra á sýningunni hjer í Hamborg“.

Þriðji listamaðurinn var Örlygur Sigurðsson sem sleit barnsskónum á Akureyri og fór síðan í myndlistarnám til Bandaríkjanna og síðar til Parísar. Hann efndi til fyrstu málverkasýningar sinnar á Akureyri árið 1945 og varð metaðsókn að sýningunni enda Örlygur vinsæll í bænum og í rauninni var hann eini listmálarinn sem bæjarbúar eignuðu sér á þessum tíma. Hann var í þeirra augum ímynd listamannsins, hrekkjóttur, óútreiknanlegur, fjörmikill og dálíttill snillingur. Í verkum sínum er Örlygur maður augnabliksins og óheftrar kímni og leggur áherslu á skapgerðareinkenni fyrirmynda sinna. Um leið er hann snjall teiknari, það hafa Akureyringar fengið staðfest í myndskreyttum bókum þar sem hann lýsir af mikilli fimi bæjarbragnum og minnst rómantískrar æskutiðar.

Haukur Stefánsson, Jónas S. Jakobsson

Árið 1932 settist (Ingvar) Haukur Stefánsson að á Akureyri. Hann hafði numið málalast við listaskóla í Chicago í sjö ár en gerði húsamálun að aðalstarfi sínu eftir að hann kom til Akureyrar. Auk þessa málaði hann veggmálverk í hýbýli bæjarbúa og varð fljótlega aðal leiktjaldamálari leikfélagsins. Helsta hugðarefni Hauks var þó ætíð listmálun. Að loknu dagsverki lagði hann frá sér stóru penslana, tók sér listmálarapensla í hönd og túlkaði fantasíur úr álfheimum og þjóðsögum eða úr Íslendingasögnum af miklu listfengi. Haukur málaði einnig altarisstöflur, mannamyndir og uppstillingar en ekki er þess nein merki að sjá að nýir straumar í myndlist hafi haft áhrif á hann. Haukur Stefánsson hélt aldrei málverkasýningu en nemendur hans, einkum þó Þorgeir Pálsson og Emil Sigurðsson, komu sýningu á verkum hans upp að honum látnum og var sýningin hin veglegasta.

Árið 1948 fluttist Jónas S. Jakobsson til Akureyrar. Hann hafði numið myndlist hjá Einarí Jónssyni myndhöggvara og Ríkarði Jónssyni auk þess að stunda myndlistarnám í Noregi. Fljótlega eftir að hann kom til bæjarins fékk hann verkefni á sínu áhugasviði þegar hann var beðinn um að gera brjóstmynd af frú Margréti Schiöth, stofnanda Lystigarðsins. Í kjölfarið fylgdi hvert verkefnið á fætur öðru og í nokkur ár var Jónas fastlaunaður starfsmaður við fegrun bæjarins. Ekki hlutu þó öll verk hans náð fyrir augum bæjaryfirvalda. Á vinnustofu sinni í Samkomuhúsinu gerði Jónas eitt sinn standmynd í fullri stærð af nakinni konu. Verkið hugðist hann setja upp á almannafæri en bæjaryfirvöld höfnuðu því. Ekki þótti viðeigandi að hafa naktar konur út um borg og bæ.

Listakonan í „Fjörinni“

Elísabet Geirmundsdóttir var ein þeirra sem stundaði nám hjá Jónasi og Hauki. Hún ól allan sinn aldur í „Fjörinni“ og var aðeins lítil telpa þegar hún byrjaði að búa til myndir með olíulitum. Seinna gerði hún einnig myndir í tré og stein og þótt hún héldi ekki sýningu á verkum sínum fóru Akureyringar og gestir bæjarins ekki á mis við þau, þar sem hún hafði komið nokkrum höggmyndum fyrir í garðinum við heimili sitt, gestum og gangandi til yndisauka.



Verk eftir Jónas S. Jakobsson



Elísabet Geirmundsdóttir

Myndlistarkennsla

Elsta heimild um myndlistarkennslu í Eyjafirði er frá síðari hluta 17. aldar. Sú kennsla fór fram í Saurbæ, var kennarinn Jón Hjaltason aðstoðarprestur, nemandinn var Hjalti Þorsteinsson frá Saurbæ sem síðar var kenndur við Vatnsfjörð. Hjalti fór síðan í guðfræðinám en varði öllum stundum frá því námi til að nema höggmyndagerð og málalist sem hann hafði tileinkað sér frá barnæsku. Er álit margra að verk Hjalta Þorsteinssonar beri af öðrum hagleiksverkum Íslendinga á 18. öld.

Árið 1901 birtist auglýsing í blöðum um námskeið í málun blóma með bronselitum en tveimur árum síðar hófst teiknikennsla í Gagnfræðaskólanum með nýrri reglugerð og kostuðu nemendurnir sjálfir kennsluna sem þótti lýsa óvenjulegum áhuga þeirra.

Raunveruleg myndlistarkennsla hefst þó varla í bænum fyrr en Freymóður Jóhannsson listmálari auglýsti árið 1918 námskeið í frihandateikningu, skuggateikningu, þykkvamálsteikningu og perspektíveikningu.

Árið 1942 tók Haukur Stefánsson að sér nemendur í „listmálningu“ eins og það var orðað í auglýsingu. Fyrsta veturinn voru nemendurnir 7 en þeim fjölgaði í 14 árið eftir og þeim átti eftir að fjölga enn meir.

1947 stofnuðu 20 áhugasamir frístundamálarar með sér félagskap og fyrir forgöngu þess var stofnaður Myndlistarskóli Félags frístundamálara. Var skólinn starfræktur samfleytt í tvö ár og voru nemendur um 60 þegar mest var. Kennarar voru þeir Haukur Stefánsson og Jónas S. Jakobsson. Frístundamálarar héldu nokkrar samsýningar á verkum sínum og næstu tvo áratugin, 1950-1970, voru það fyrst og fremst nokkrir nemendur þeirra Hauks og Jónasar sem héldu uppi merkjum bæjarins í myndlist. Myndlistarfélagið kom á fót myndlistarskóla, veturinn 1973-74 „Myndsmiðjunni, í samvinnu við Námsflokkana með Guðmund Ármann sem aðalkennara og skólastjóra.

Myndlistaskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1974 í framhaldi af Myndsmiðjunni og hefur Helgi Vilberg myndlistarmaður verið skólastjóri skólans frá upphafi. Varð fljótlega talsverð aðsókn að skólanum. Árið 1982 var stofnsett málunardeild við skólann sem Guðmundur Ármann veitti forstöðu. Fyrstu nemendurnir voru útskrifaðir 1985. Flestir félagar í Myndlistarfélaginu hafa sótt námskeið eða stundað nám í Myndlistarskólanum á Akureyri.

Myndlistarfélagið á Akureyri

Myndlistarfélag Akureyrar var stofnað árið 1972, eftir mikla deyfð í menningarlífi bæjarins undangengin ár. Á stofnfundinn mætti á þriðja tug manna, sem voru nær eingöngu ungt fólk sem hafði sama brennandi áhugann fyrir myndlist. Markmiðið með stofnun félagsins var fyrst og fremst að efla áhuga fyrir myndlist með sýningum, listkynningum og að koma upp viðunandi sýningaraðstöðu í bænum.

Fyrsta sýning félagsins, samsýningin „25 Akureyringar“, var haldin í Landsbankasalnum sem hafði um langt árabíl verið boðlegasti sýningarsalur bæjarins. Félagsmenn tóku síðar hús á leigu við Gránufélagsgötu og kölluðu það Myndsmiðjuna .

Fljótlega hófust fjölsótt námskeið á vegum félagsins með Guðmund Ármann Sigurjónsson myndlistarmann sem fyrsta kennarann.

Háhóll

Árið 1976 hófust loks samfelldar myndlistarsýningar með opnun Gallerí Háhóls. Myndlistarmaðurinn Óli G. Jóhannsson stóð fyrir opnuninni án nokkurs stuðnings bæjaryfirvalda. Akureyrskir myndlistarmenn stofnuðu einnig

ný félagasamtök, Myndhópin, og um nokkurra ára skeið var aftur líf í tuskunum. Hver stórsýningin á fætur annarri var sett upp í Háhól og bæjarbúar fengu að berja augum rjómann af því besta sem íslenskir myndlistarmenn voru að gera. Líffleg listaverkasala ýtti einnig undir ásókn sunnlenskra listamanna að koma norður með verk sín.

Rauða húsið

Að Rauða húsinu stóð hópur manna er leitaði sannleikans á nýjan hátt. Akureyringar létu sér fátt um finnast og þeir sem þó sóttu sýningar Rauða hússins vöndust því fljótt að sjá óvenjuleg listaverk, oft uppi um veggji eða úti á miðju gólfi og þóttu þau harla forgengileg. Listamennirnir skildu þó eftir sig varanleg spor. Á meðal þeirra voru Kristján Steingrímur Jónsson, Guðmundur Oddur Magnússon, Haraldur Ingi Haraldsson og Jón Laxdal.

Grófargil

Fyrir bæjarstjórnarkosningarnar árið 1990 skrifaði Guðmundur Ármann, dramatíska forsiðugrein í Norðurland, þar sem hann lagði til að Grófargil yrði gert að miðstöð lista í bænum. Með greininni lét hann fylgja rómantíska teikningu þar sem götulífið á Montmarte í París var í öllum sínum dýrðarljóma komið til Akureyrar.



Myndsmiðjan



Rauða húsið

Líklega verður að telja þessa teikningu dýrkeyptasta listaverk Íslandssögunnar því að loknum bæjarstjórnarkosningum lýstu meirihlutflokkarnir í bæjarstjórn í samstarfsamningi sínum að Akureyrarbær styddi þau áform að gera Grófgil að miðstöð lista í bænum.

Skipaður var starfshópur sem fékk það verkefni að vinna að framgangi málsins. Í starfshópnum voru Tómas Ingi Olich, Guðmundur Stefánsson og Pröstur Ásmundsson. Listamenn í bænum stofnuðu á sama tíma Gilfélagið þann 30. nóvember 1991 og var Guðmundur Ármann kosinn fyrsti formaður þess. Markmið félagsins var að efla listsköpun og listflutning með því að skapa lista- og handverksfólki aðstöðu til að iðka, sýna eða flytja list sína.

Þann 24. mars 1992 undirrituðu Akureyrarbær og Gilfélagið samning þess efnis að félagið fengi umráðarétt yfir stórum hluta af eignum bæjarins í Kaupvangsstræti. Gilfélagið átti mikið verk fyrir höndum við að standsetja húsin. Þann 10. júlí 1993 hófst Listasumar í fyrsta sinn á Akureyri með fjölbreyttum menningarviðburðum og opnun tveggja nýrra sýningarstaða, Deigllunnar og Kaffi Karólínu, í Listagilinu. Að þessu fyrsta Listasumri stóðu Akureyrarbær, Ferðamálaráð Eyjafjarðar, Gilfélagið og Menningarsamtök Norðlendinga. Tilgangurinn með Listasumri var að laða innlenda sem og erlenda gesti til Akureyrar í krafti menningarinnar. Myndlistarfélagið telur Gilið þjóna mikilsverðu hlutverki sem stað viðburða og sköpunar. Grundvöllur nýsköpunar og öflugs listalífs er að sem flestir taki þátt í menningarlífinu. Listin á stóran þátt í því að gera bæjarlífið spennandi og áhugavert.

Listasafnið á Akureyri

Listasafnið á Akureyri var formlega opnað laugardaginn 28. ágúst 1993. Listasafnið hefur vissulega sett svip á listalíf bæjarins. Þar hafa margar metnaðarfullar sýningar verið settar upp. Markmið Listasafnsins á Akureyri er að efla myndlistarlíf á Akureyri, auka þekkingu og áhuga bæjarbúa á myndlist og stuðla að framgangi sjónlista og listmenntunar. Mikilvægur þáttur í því er safnfræðsla. Listasafnið á Akureyri leggur áherslu á fjölbreytt sýningarhald og eru gerðar strangar listrænar kröfur til þess sem sýnt er á vegum safnsins. Auk eldri myndlistar er einnig lögð áhersla á að kynna það besta og framsæknasta á innlendum jafnt sem erlendum sýningarvettvangi.



Dúkríta eftir Guðmund Ármann



Myndlistarfélagið

Myndlistarfélagið er hagsmunafélag myndlistarmann og hlutverk þess er meðal annars að:

- **Að efla samtök myndlistarmanna og vera málsvari þeirra**
- **Að bæta kjör og starfsgrundvöll myndlistarmanna og gæta hagsmuna þeirra**
- **Að efla umræðu, þekkingu og fræðslu um myndlist**
- **Að auka myndlist á Norðurlandi og koma á samstarfi við opinbera aðila á svæðinu**
- **Að standa fyrir sýningum á verkum félagsmanna**
- **Að koma á samstarfi við listamenn erlendis sem og hér á landi**

Í stjórn Myndlistarfélagsins eru:

Joris Rademaker

Pórarinn Blöndal

Brynhildur Kristinsdóttir

Pálína Guðmundsdóttir

Laufey Margrét Pálsdóttir

Helgi Vilberg Hermannsson

Gallerí BOX og Salur Myndlistarfélagsins

Myndlistarfélagið rekur Gallerí Box sal Myndlistarfélagsins í Gilinu. Félagið leitast við að kynna félagsmenn og verk þeirra jafnframt því að standa fyrir metnaðarfullri dagskrá og framsæknum sýningum. Á bloggsíðu Myndlistarfélagsins: mynd.blog.is má sjá þá viðburði og þær sýningar sem félagið stendur fyrir.



Félagsmenn

Myndlistarfélagsins

Aðalheiður Eysteinsdóttir

Aðalbjörg Kristjánsdóttir

Aðalbjörg M Ólafsdóttir

Anna Gunnarsdóttir

Anna María Guðmann

Arna Valsdóttir

Arnar Ómarsson

Arnfríður Arnardóttir

Arnþrúður Dagsdóttir

Ásta Bára Pétursdóttir

Björg Eiríksdóttir

Borghildur Guðmundsdóttir

Brynhildur Kristinsdóttir

Bryndís Kondrup

Bryndís Arnardóttir

Brynja Baldursdóttir

Baldvin Ringsted

Dagrún Matthíasdóttir

Eiríkur Arnar Magnússon

Emma Agneta

Björgvinsdóttir

Eygló Antonsdóttir

Erika Lind Isaksen

Gréta Berg

Guðbjörg Ringsted

Guðmundur Ármann

Guðrún H Bjarnadóttir

Guðrún Lóa Leonardsdóttir

Guðrún Vaka Sigurðardóttir

Gunnar Kr

Gunnar Rúnar Guðnason

Gustav Geir Bollason

Guðný Kristmannsdóttir

Guðný G H Marinósdóttir

Haldóra Helgadóttir

Hallgrímur Ingólfsson

Hannes Sigurðsson

Hallmundur Kristinsson

Hanna Hlíf Bjarnadóttir

Helgi Villberg Hermannsson

Herdis Björk Þórðardóttir

Hertha Richardt

Hlynur Hallsson

Hjördís Frímann

Hólfríður Bjartmarsdóttir

Hrefna Harðardóttir

Helga S Valdimarsdóttir

Iðunn Ágústsdóttir

Ingibjartur Jóhannsson

Yst

Inga Björk Harðardóttir

Jóhanna Friðfinnsdóttir

Jóna B Jakobsdóttir

Joris Redemaker

Jónas Viðar Sveinsson

Jónborg Sigurðardóttir

Jón Laxdal Halldórsson

Karen Dúa Kristjánsdóttir

Karl E Austann

Vernharðsson

Karl Guðmundsson

Kjartan Sigtryggsson

Kristinn G. Jóhannsson

Kristján Pétur Sigurðsson

Jóna Hlíf Halldórsdóttir

Laufey M. Pálsdóttir

Lárus H. List

Lára Magnea Jónsdóttir

Linda Björk Óladóttir

Margeir Sigurðarson

Margrét Jónsdóttir

María Sigríður Jónsdóttir

Oddný E. Magnúsdóttir

Ólafur Sveinsson

Pálína Guðmundsdóttir

Ragnheiður Þórsdóttir

Rannveig Helgadóttir

Rósa Júlíusdóttir

Samúel Jóhannsson

Sigríður Ágústsdóttir

Sigríður Örvarsdóttir

Sigurlín Grétarsdóttir

Sólveig Baldursdóttir

Stefán Jónsson

Steinn Kristjánsen

Stefán Boulter

Sveinbjörg Ásgeirsdóttir

Sveinbjörg Hallgrímsdóttir

Tinna Ingvarsdóttir

Veronique AG Legros

Þorsteinn Gíslason

Þórarinn Blöndal

Lokaorð

Myndlistarsaga Akureyrar síðustu áratugi hefur fyrst og fremst verið baráttusaga margra einstaklinga sem trúðu því að gott væri að búa í bæ þar sem listir blómstruðu. Hlutverk Myndlistaskólans hefur vegið þungt í allri þessari þróun. Skólinn hefur dafnað, hagnýtar námsgreinar svo sem grafísk hönnun og auglýsingadeild hafa bæst við og gert námið eftirsóknarverðara. Fleiri skólar hafa einnig tekið upp myndlistarnám. Í Verkmenntaskólanum er öflug listnámsbraut þar sem fjölbreytileikinn og eintaklingsmiðað nám er haft að leiðarljósi.

Myndlistarmenn hafa staðið fyrir allskyns námskeiðum bæði fyrir börn og fullorðna auk þess sem þeir hafa rekið gallerí sem hafa sannarlega lífgað upp á bæjarlífið og gert það áhugaverðara og má þar nefna: Kunstraum Wohnraum, International Gallery of Snorri Ásmundsson, Gallerí +, DaLí Gallerí, JV gallery, Gallerí 02, Kompan, Gallerí BOX, Festaklettur, Samlagið Listhús, Populus Tremula, Gallerí Glugginn, Gallerí Víðátta, Gallerí Svartfugl, Kompan, Klettagerði 6, Keramikverkstæði Gránufélagsgötu 48 og Skrautla.

Lesendur hafa væntanlega áttað sig á því að ekki er um langa samfellda þróun í myndlist á Akureyri að ræða. Það var í raun og veru ekki fyrr en eftir 1972 sem hægt er að segja að hlutirnir fari að taka á sig þá kröftugu mynd sem við þekkjum í dag. Myndlistarfélagið telur mikilvægt að skapa umhverfi sem metur og eflir hugvit og sköpunargleði. Hlutverk listarinnar er að örva skilningarvitin og opna augu okkar fyrir því ríkidæmi sem leynist allt um kring. Listin kennir okkur að hugsa nýjar hugsanir og feta ótroðnar slóðir. Það er mikilvægt að bæjaryfirvöld beri virðingu fyrir starfi myndlistarmanna og að menningarstefna bæjarins hvetji þá til góðra verka.

Við þökkum Valgarði Stefánssyni fyrir að leyfa okkur að styðjast við texta úr bók hans "Myndlist á Akureyri" og Minjasafninu á Akureyri fyrir að lána okkur ljósmyndir.

Samantekt:

Brynhildur Kristinsdóttir

Laufey Margrét Pálsdóttir

Dagrún Matthíasdóttir



myndlistarfélagið